

Fundur haldinn í stjórn Öldungaráðs Suðurnesja mánudaginn 4.mars 2019
kl.17:00 að Nesvöllum.

Mætt Jóngeir H. Hlinason formaður, Eyjólfur Eysteinnsson, Þórdís E. Kristinsdóttir.
Sigurður Jónsson, Magnús H. Magnússon og Sigurbjörg Eiríksdóttir sem ritaði
fundargerð. Forföll boðuðu Ásta Björk Eiríksdóttir og Sigurbjörg Jónsdóttir.

Gestur fundarins var Birgir Þórarinnsson alþingismaður.

Birgir kynnti okkur tillögu til þingsályktunar sem lögð hefur verið fram á Alþingi.
Þingsáætlunartillagan er lögð fram af öllum þingmönnum Suðurkjördæmis.
Inngangurinn er eftirfarandi : „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa
starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr
forsætisráðuneyti, fjármála og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega og
nýsköpunarráðuneyti og velferðarráðuneyti til að vinna tímasetta
aðgerðaráætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum
og mæta mikilli fólksfjölgun þar. Starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum
eigi síðar en 1. mars 2019. Forsætisráðherra kynni Alþingi niðurstöðu
starfshópsins. „ Ljóst er að dagsetning lokaskjalsins verður síðar en 1. mars.

Óskandi er að fleiri en þingmenn Suðurkjördæmis taki sig saman og standi að
baki þessari tillögu. Einnig sagði Birgir okkur frá tillögu sem Ólafur Ísleifsson
alþingismaður lagði fram og varðar Framkvæmdasjóð aldraðra og nýtingu hans.

Rætt var um frumvarpið og viðbrögð ráðamanna. Rætt um nýbyggingu
vistunarúrræða. Sigurður ræddi um framtíð dagdvalar í Suðurnesjabæ og eru
um það bil sex til sjö í brýnni þörf. Rætt um mikla þörf á heilsugæslustöð í
Suðurnesjabæ. Þar búa nú 3.500 manns og mikil þörf á lækni og dagdvalar
aðstöðu. Rætt var að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra væri mjög
jákvæð gagnvart dagvistun og heilsugæslu. Talað var um að það vantaði
heimamenn í stjórnir sem um þessi mál fjalla.

Rætt var um samhæfingu heimahjúkrunar sem er á vegum ríkisins og
heimaþjónustu sem er á vegum sveitarfélaga. Þarna þarf að samhæfa.
Rætt um langa bið eftir innlögn á hjúkrunarheimili.

Birgir sagðist vera mikil áhugamaður um að eldri borgarar sem hefði heilsu og
löngun til að vinna fengju að vinna án skerðinga. Telur það mannréttindamál.
Frítækjumark ætti að gilda um lífeyrissjóði. Rætt um þá staðreynd að 30%
eftirlaunafólks lifði við fátæktarmörk.
Formaður þakkaði Birgi fyrir komuna.
Fundi slitið 18.15.
Fleira ekki skráð
Sigurbjörg Eiríksdóttir ritaði fundargerð.